

FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 


Sjónlínan

Gleraugnaverslun

Fimmtudagur 2. mars 2017 | 9. tbl. 15. árg.

Upplag 10.500 eintök. Dreift fritt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

Strandgötu, Hafnarfirði
Sími 555 7060
www.sjonlinan.is

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur

BÍL A V E R K S T Æ Ð I

VARAHLUTIR • VIÐGERÐIR

Sími 564 0400


Bílaraf

www.bilaraf.is

Bílaraf ehf. | Sími 564 0400 | Flatahrauni 25 | 220 Hafnarfjörður

FRUM - www.frum.is


Treystu mér fyrir veislunni!
www.kokulist.is
Firði • sími 555 6655

MATHÚS BAR
VON
Strandgata 75 • 583 6000 • vonmathus.is • facebook/vonmathus

Allir moka!

Víða góð stemmning í snjómokstrinum

Það voru ekki bara starfsmenn bæjarins sem mokuðu snjó eftir hið mikla fannfergi, því íbúar bæjarins stóðu einnig í ströngu við að moka frá sínum dyrum og fólk hjálpaðist víða að. Víða myndaðist góð stemmning þegar nágrannar hittust í góða verðinu við snjómoksturinn um helgina. Íbúar eru hvattir til að leggja lið og moka í burtu hindranir sem gera eldri borgurum, hreyfihömluðum og blindum erfitt um vik.



Við Arnarhraun



Þessi litla stúlka réðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur og vildi moka af gangstéttinni.

Lýðm.: Guðni Glásson

Lýðm.: Guðni Glásson


Ljúffengar kökur og rjúkandi kaffi
Opíð 11-23 og 11-18 um helgar

Strandgötu 29


fagnaður Fjörður
Frábær Vortilboð frá fimmtudegi til laugardags
Hátíð í kvöld kl. 18-23
Milljón króna happdrætti
Helgi Björns, kórar og glæsileg týskusýning.
Lifandi laugardagur
Sjá nánar á bls. 3

Ninö
Urrandi snilld... ♥ ☺ & 🐾
heilsuhús hunda og katta
Dýralæknamiðstöð
Hafnarfjarðar
sími 544 4544
Lækjargötu 34 b
sími 533 2700

Skoðaðu úrvalið á www.as.is

Herjólfsgata 34


Ný og glæsileg 92,9 m² 3ja herbergja íbúð á 4. hæð (efstu) ásamt tveimur sér stæðum í bílgeymslu.
Glæsilegt útsýni.
Verð 65,9 millj. kr.

Álfaskeið 84


Fallag 4ra til 5 herbergja íbúð á 2. hæð ásamt bílskúr. Eignin er alls 146 m² að stærð sem skiptist þannig að íbúðin er 116,4 m², sér geymsla á jarðhæð 5,9 m² og bílskúrin 23,7 m². Verð 42,5 millj. kr.

Móabaráð 6


Rúmgóð og vel skipulögð 119 m² 4ra til 5 herbergja miðhæð með séringgangi í þrýbýli.
Verð 39,9 millj. kr.



AS
FASTEIGNASALA

Stofnuð 1988

Fjarðargötu 17 | sími 520 2600 | www.as.is

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarahúsið ehf. kt. 450106-1350
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason
Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, **Auglýsingar:** 565 3066,
 fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • **Dreifing:** Íslandsþóstur
 ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866
 www.fjardarfrettir.is
 www.facebook.com/fjardarfrettir.is
 Hönnunarahúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

leiðarinn



Hafnarfjarðarbær leggur gríðarlega mikla fjármuni í byggingu íþróttamannvirkja og leggur til fé til reksturs þeirra auk þess að niðurgreiða þátttöku barna við íþróttaiðkun. Oft hafa samningar við félögin verið loðnir og gagnsæi ekki mikið enda hafa bæjarbúar átt erfitt með að átta sig á því hvernig ákvarðanir eru teknar. Ekki síst þegar bærinn bjargar félögum sem safnað hafa miklum skuldum. Um langt skeið greiddi Hafnarfjarðarbær 80% af byggingarkostnaði íþróttamannvirkja sem samið var um við félögin sem greidda átti 20%. Þau 20% hafa verið greidd með ýmsum hætti og ekki alltaf víst að þau hafi í raun verið greidd. Bærinn hefur eignast sum mannvirki 100% því komið hefur í ljós að félögin ráða ekki við að reka þessi dýru mannvirki. Bæjarbúar eiga heimtingu á að fá að hafa eitthvað um það að segja hvað fjárfest er í fyrir skattþeninga bæjarbúa en ákvarðanatöku hefur alls ekki verið gagnsæ fyrir hinn almenna bæjarbúa.

Nú hafa flestir rekstrarsamningar verið endurnýjaðir með það að markmiði að auka gagnsæi og er það vel. Langtíma fjárfestingaráætlun þarf að leggja fyrir hjá Hafnarfjarðarbæ, ekki aðeins tölur á blaði, heldur einnig skýringar og rök fyrir viðkomandi fjárfestingu. Fæstir bæjarbúar lesa skýringar með fjárhagsáætlun svo mikilvægt er að slíkum upplýsingum sé komið til bæjarbúa á annan hátt og meira áberandi. Íþróttir eru mikilvægar fyrir samfélagið en geta ekki kostað hvað sem er.

Guðni Gíslason ritstjóri.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði

Vaktsímar: 565 5892 & 896 8242 • www.utfararstofa.is • Allan sólarhringinn



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

FRÍMANN & HÁLFDÁN ÚTFARARÞJÓNUSTA



ÚTFARARÞJÓNUSTA HAFNARFJARÐAR



Frímann
s: 897 2468

Hálf dán
s: 898-5765

Ólöf
s: 898 3075

www.uth.is - uth@uth.is Stöðahrauni 5, Hfj. - Sími 565-9775



Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 5. mars
 Æskulýðsdagur Þjóðkirkjunnar

Sunnudagskóli kl. 11

Æskulýðsguðsþjónusta í Haukaheimilinu kl. 20

Starf eldri borgara
 á miðvikudögum kl. 13:30

Ókeypis íslenskunámskeið fyrir útlendinga
 hefst þriðjudaginn 7. mars
 Fyrir lengra komna kl. 9:00
 Fyrir byrjendur kl. 11:00

Barnapössun



www.astjarnarkirkja.is



Víðistaðakirkja

Æskulýðsdagurinn 5. mars

Fjölskylduhátíð kl. 11

Friðrik Dór syngur með **Barnakór Víðistaðakirkju** undir stjórn Helgu Þórdísar organista. Umsjón hafa sr. Bragi, María og Bryndís. Hressing eftir guðsþjónustu.

Biblíuleg íhugun og bæn

á þriðjudögum kl. 17:30.

Kyrrðarstund

á miðvikudögum kl. 12:00.

Súpa og brauð í safnaðarsal á eftir.

www.vidistadakirkja.is

Hetjan frumsýnt á morgun

Nýtt leikrit eftir Önnu Írisi Pétursdóttur

Hetjan, nýtt íslenskt leikverk sem fjallar um átta bekkjarfélaga og þeirra líf í miðju stríði, verður frumsýnt í Bæjarbíói annað kvöld kl. 20.

„Við sjáum bekkinn og þeirra líf frá fjórtán ára aldri og þar til þau eru fullorðin og sjáum hvernig þeirra draumar og þrír þróast með ofbeldi allt í kringum þau,“ segir Ingimar Bjarni markaðsstjóri Hetjunnar.

Hetjan er ádeila á stríðsáróður en á sama tíma er þetta hugljúf þroskasaga átta ungmenna sem eru að reyna að fóta sig í aðstæðum sem þau fæddust inn í og hafa enga stjórn á. Ástir, vinátta og erfiðleikar unglingsáranna litast af yfirvofandi herskyldu og stöðugum fréttum af hinum ógnvænlegu hundsmonnum.

Leikhópurinn, sem er á aldrinum 14-26 ára, túlkar líf og drauma persónanna á einstakan hátt, og vinna saman til að skapa þennan heim þar sem hættan er alltaf handan við hornið, en lífið heldur þó áfram.



Anna Íris Pétursdóttir, höfundur verksins

Höfundur verksins er Hafnfirðingurinn Anna Íris Pétursdóttir, nýútskrifuð sviðslistakona frá Rose Bruford skólanum í Englandi. Þetta er þriðja verk hennar sem sett verður upp á Íslandi. Anna Íris segir hugmyndina að verkinu hafi kviknað á Friðarþingi



skáta 2012, þegar hún fékk tækifæri til að kynnst ungmennum frá hinum ýmsu löndum og bera saman skoðanir þeirra á stríði, ástæðum þess og skaðsemi.

Verkið er unnið í samstarfi við Leikfélagið Óríon, sjálfstætt starfandi leikfélag sem hefur verið virkt frá 2012, og hefur verið meðlimur í BÍL síðan 2014.

„Við erum einnig með tvö staðfest leikrit fyrir sumar tour í Bretlandi og erum að bíða eftir staðfestingu á því þriðja stað, á Edinborgar hátíðinni,“ segir Ingimar Bjarni.

Leikendur eru: Birkir Sigurjónsson, Birna Guðmundsdóttir, Dagur Sigurður Úlfarsson, Eiríkur Kúld Viktorsson, Halla Sigríður Ragnarsdóttir, Hans Alexander Margrétarson Hansen, Ingimar Bjarni Sverrisson, Vala Kolbrún Sverrisdóttir og Þórunn Guðmundsdóttir. Anna Íris leikstýrir verkinu, Svanur Logi Guðmundsson sér um leikmynd, Viktor Ingi Guðmundsson semur tónlist og Sarah Baker sér um leikmynd. Miðasala er á miði.is

Vorlínur verslananna í Firði 2017 verða kynntar með glæsilegri tískusýningu

Helgi Björns syngur sexí slagara, bílar verða kynntir og mikið um að vera í kvöld

Þó snjór liggi yfir öllu þá er vorhugur í verslunareigendum í Firði. Enda skín sólin, dagarnir lengjast og Hafnarfjörður skartar sínu fegursta.

Í kvöld verður mikil hátíð í verslunarmidstöðinni, tvær nýjar verslanir verða opnaðar, vörukynningar verða í verslunum, kórar syngja og brot verður flutt úr leikritinu Hetjuni sem frumflutt verður í Bæjarbíói á morgun. Boðið verður upp á veitingar á göngum og í verslunum.

Hápunktur kvöldsins verður tískusýning verslana þar sem vortískan verður kynnt undir dyngjandi tónlist. Kryddið er svo Helgi Björns sem ætlar að heilla gesti Fjarðar með sínum seðandi og sexí söng.

MILLJÓN KRÓNUR Í VINNINGA!

Allir sem koma í Fjörð geta fyllt út seðil og sett í pott en dregið verður á hálf tíma fresti frá kl. 18. Mikilvægt er að fylgjast vel með drættinum því



verðmæti vinninga er yfir ein milljón krónur og fyrsti vinningurinn er stórt og glæsilegt málverk eftir Ólöfu Björgu Björnsdóttir að verðmæti 500 þúsund krónur. Þá er einnig leikur í gangi á Facebook. Að auki gefur Hress heilsurækt 100 vikupassa.

Aðalvinningur verður dreginn út í Firði í dagskrárlok og þarf viðkomandi að vera á staðnum til taka á móti vinningnum, annars verður nýr vinnshafi dreginn út.

Meðal vinninga er:

- Draumakjöllinn að eigin vali frá Dis íslensk Hönnun
- Hattur og hanskar frá Smart Boutique
- Hanskar úr íslensku línunni frá Smart Boutique

- Veglegur gjafapakki með Pacse föðunarvörum frá The Glam Room
- Glæsilegt úr frá Gyðja Collection
- Gjafabréf frá eftirtöldum verslunum: Úr og Gull, Kona, Hársnyrtistofan Carter, 10-11, Gjafahomið, Strigaprent, Herra Hafnarfjörður, Mind fyrir konur, Basic Barbershop, Leikfangaland, Snyrtistofa Rósu og Silfur veitingahús.

BÍLASÝNING

Bílabúð Benna kynnis þrjá nýja spennandi bíla frá Opel en það er ekki oft sem hægt er að kaupa heilu bílana í Firði.

DAGSKRÁ

Opel bílasýning

Tvær nýjar verslanir verða opnaðar

18:00 Mosfellskórinn

18:30 Rokkkór Íslands

19:00 Kvennakór Kópavogs

19:30 Helgi Björns

20:00 Kvennakór Hafnarfjarðar

20:30 Tískusýning - Vor 2017

21:30 Leikritið Hetjan



Aðalvinningur kvöldsins dreginn út
Kynning á fermingartertum kl. 17-19

VERSLUNARMIDSTÖÐ HAFNFIRÐINGA

Framundan eru miklar breytingar í Firði en byggt verður hótél á lóðinni við hliðina á Firði, við Strandgötuna, sem tengist Firði en á neðstu hæð hótelsins verður verslunarrými.

Það verður vorstemning í Firði þrátt fyrir allan snjóinn og Hafnfirðingar eru hvattir til að koma í Fjörð, þiggja veitingar, upplifa skemmtun, sjá vörukynningar og ekki síst að hitta mann og annan. Opíð verður til kl. 23.

Lifandi laugardagur

12-14 Sirkus Íslands

13-15 Andlitsmálun Arion banki

13-15 Kynning á fermingartertum

Kóraveisla

kl. 18-20

18:00 Mosfellskórinn
18:30 Rokkkór Íslands
19:00 Kvennakór Kópavogs
20:00 Kvennakór Hafnarfjarðar

Leiklistar- og spunanámskeið
fyrir 11 og 12 ára hefjast 21. mars



Kennari:

Björk Jakobsdóttir, leikkona og leikstjóri

Skráning í síma 565 5900
milli kl. 13 og 17 virka daga
og í gaflarar@gaflaraleikhusid.is



Aðalfundur SH

Aðalfundur SH verður haldinn

fimmtudaginn 9. mars 2017 kl. 19.00

í félagssal SH í Ásvallalaug.

Á dagskrá fundarins verða venjuleg aðalfundarstörf
skv. samþykktum félagsins.

Stjórnin.

RioTinto
styrkir barna- og unglingastarf SH

Sundfélag Hafnarfjarðar • www.sh.is • sh@sh.is

FH vill formlegar viðræður um gatnagerðargjöld


8.500 m² sjúkra-, þjálfunar og hótélbygging og 8.400 m² knattspyrnuhús í undirbúningi

Formaður Fimleikafélags Hafnarfjarðar hefur sent bæjarstjóra bréf þar sem hann óskar eftir formlegum viðræðum um meðferð gatnagerðargjalda vegna fyrirhugaðra framkvæmda félagsins í Kaplakrika. Eru það annars vegar 8.500 m² sjúkra-, þjálfunar- og hótélbygging austan við knattspyrnuleikvanginn og Skessa, 8.465 m² knattspyrnuhús á S-A horni lóðarinnar.

Segir Viðar Halldórsson, formaður FH ljóst að þarna sé um verulegar upphæðar að ræða sem munu skipta máli við framgang þessara tveggja verkefna og óskar hann eftir skjóttum viðbrögðum við erindinu.

VILJA LJÚKA VIÐRÆÐUM UM ÞJÓNUSTUSAMNING

Formaður FH óskaði einnig eftir formlegri staðfestingu á að samningar um kaup á hlut knattshúsanna Dvergs og Risans hafi ekki náðst. Á bæjarráðsfundi 23. febrúar sl. var málið rætt og var bæjarstjóra falið að halda áfram með málið í samræmi við umræður á



„Skessan“ er gríðar stór bygging, 22,8 m há og 115 m löng

fundinum. Rósa Guðbjartsdóttir formaður bæjarráðs staðfestir að þessum samningaviðræðum um kaup í hlut á knattshúsum væri slitið og segir nú stefnt að því að gera rekstrar- og þjónustusamninga við FH eins og við önnur íþróttafélög.

Í bréfi formanns FH kemur fram að samningaviðræður vegna rekstrar- og þjónustusamnings hafi staðið yfir í um eitt og hálft ár. Greitt hafi verið eftir þessum samningsdrögum og nú vilja FH-ingar annað hvort að samningarnir verði undirritaðir eða að eldri samningar

sem verið hafa í gildi vel á annan áratug verði virtir.

VILJA AFLÉTTA VEÐI

Í einu af þremur bréfum sem formaður FH ritaði bæjarstjóra 20. febrúar sl. óskar hann eftir því að Hafnarfjarðarbær aflétti veðsetningu sveitarfélagsins af íþróttahúsi félagsins í Kaplakrika. Veðsetningin var samþykkt af FH í ágúst 2009 til útvegunar fjármagns til að ljúka framkvæmdum í Kaplakrika. Segir í bréfinu að framkvæmdum hafi ekki lokið og fjármagnið hafi verið notað í önnur verkefni. Veðsetningin stendur nú í tæpum 900 milljónum króna.

HVER Á KAPLAKRIKA?

Í dag er Hafnarfjarðarbær skráður eigandi að 80% hlut í íþróttahúsinu í Kaplakrika og FH 20% en samningur um byggingu hússins var gerður í janúar 1989. Var húsið skv. samningnum ætlað að vera alhlíða íþróttahús til notkunar fyrir öll íþróttafélög innan vébanda Íþróttabandalags Hafnarfjarðar

sem átti að óbreyttu að annast tímaúthlutun. Jafnframt átti húsið að vera nýtt til lögbundinnar íþróttakennslu eftir því sem þörf væri á.

Í 7. gr. samningsins er getið að áðurnefnd eignaskipting stæði til 1. janúar 2005 en þá skyldi FH eignast húsið og reka það frá þeim tíma á sína ábyrgð og á sinn kostnað. „Eftir 1. janúar 2005 mun FH leitast við að húsið nýtist sem best fyrir íþróttafélög innan vébanda ÍBH og íþróttæsku bæjarins almennt,“ eins og segir í sömu grein.

Í 8. grein segir að rekstur íþróttahússins, tekjur og gjöld, skuli vera í höndum Hafnarfjarðarbæjar til 1. janúar 2005, en frá þeim tíma á vegum FH. Gera átti sérstakan rekstrarsamning um húsið.

Í bókum sínum skráir FH húsið sem 100% sína eign en ekki hefur verið gerður neinn samningur né útbúið afsal vegna ákvæða 7. gr.

Hefur Hafnarfjarðarbær einnig haldið áfram að greiða fyrir rekstur hússins eftir 2005.

Veðið sem sett var á íþróttahúsið árið 2009 var sett á vegna framkvæmda m.a. við frjálsíþróttahúss sem þá átti að byrja á. Þá var í gangi samningur um byggingu stúku, nýrrar félagsálmú og frjálsíþróttahúss og skv. heimildum Fjarðarfrétta var það skilningur bæjaryfirvalda þá að hærri upphæð en þessar 800 milljónir sem veðheimildin upphaflega hljóðaði upp á, var varið til þessara mannvirkja. Því sé engin forsenda fyrir því að aflétta veðinu.



Aðalfundur

Knattspyrnufélagsins Hauka

verður haldinn **mánudaginn 6. mars kl. 18**
í Samkomusal Ásvalla.

Aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins.

Félagar fjölmennum!
Stjórnin

www.haukar.is

Skipulagsbreytingar ekki auglýstar í bæjarblaði

Þrátt fyrir ákvæði í skipulagsreglugerð

Auglýsingar á nýju skipulagi í Hafnarfirði eða breytingu á skipulagi í Hafnarfirði eru nú orðið nær aldrei birtar í bæjarblaði í Hafnarfirði þó ákvæði séu um það í skipulagsreglugerð.

Engar skýringar hafa fengist hjá Hafnarfjarðarbæ af hverju hætt hafi verið að nýta blöð sem gefin eru út í Hafnarfirði og lengi vel vildi enginn viðurkenna að hafa tekið ákvörðun um að því skyldi hætt.

Í skipulagsreglugerð frá 2013 segir m.a. um auglýsingu á aðalskipulagstillögu: „Auglýsa skal tillöguna innan sveitarfélagsins í svæðisbundnum fréttamiðlum sem þar eru helstir.“ Sambærileg ákvæði eru einnig um auglýsingu á deiliskipulagsbreytingum. Hafnarfjarðarbær auglýsti tvær deiliskipulagsbreytingar með allstórum auglýsingum í Fréttablaðinu sl. þriðju-

dag en Fréttablaðinu er ekki dreift til fyrirtækja og stofnana og hefur því minni dreifingu í Hafnarfirði en Fjarðarfréttir.

Hafnarfjarðarbær styrkir ekki á neinn hátt útgáfu bæjarblaða og því eru auglýsingaviðskipti mikilvæg fyrir blöðin og slæmt ef Hafnarfjarðarbær nýtir ekki bæjarblöð til að auglýsa skipulagsbreytingar eins og bærinn gerði ávallt áður.

Í dag er eitt nýtt deiliskipulag í auglýsingu og fjórar deiliskipulagsbreytingar en athugasemdafrestur við fimmtu deiliskipulagsbreytinguna rann út í gær.

Þeir sem eigi gera athugasemdir við skipulagstillögu eða tillögu til breytinga innan tilskilins frests, teljast samþykkir skipulaginu, svo mikilvægt er að bæjarbúar taki eftir þegar breytingar á skipulagi eru auglýstar.

Betri Hafnarfjörður með virkri þátttöku íbúa

Virk þátttaka bæjarbúa í málum er varða hag þeirra og þess samfélags sem þeir búa í, skiptir miklu máli. Ekki bara sem aðhald við sitjandi bæjarstjórn heldur líka til þess að það góða fólk sem í henni situr, geti átt í virkum samræðum við bæjarbúa og unnið að málum í samvinnu við þá.

Hér í Hafnarfirði geta íbúar skráð sig inn á vefsíðuna Betri Hafnarfjörður og komið sínum hugmyndum á framfæri sem þeir telja að geti verið bæjarfélaginu til góðs.

Aðrir íbúar bæjarfélagsins sem eru skráðir á vefinn (Hægt að skrá sig inn með Facebook og er því hægt að nýskrá sig með einum músarsmelli), geta kosið hugmyndina upp eða niður og komið með rök á móti eða með henni. Klukkan 12:00, síðasta virka dag hvers mánaðar eru síðan fimm efstu hugmyndirnar færðar á sérstakt svæði og þær teknar til skoðunar hjá viðkomandi ráði eins fljótt og auðið er.

Þannig er hugmyndin allavegana. Hins vegar virðist því miður sem að þessi vefur hafi gleymst og er það miður. Frá því að ég fór að fylgjast með vefnum í nóvember síðastliðnum, hefur ekkert gerst. Sömu 28 hugmyndirnar eru í ferli og þessi eina samþykkt hugmynd bíður enn eftir því að fleiri góðar hugmyndir bættist í hópinn.

Mig langar því að spyrja meirihluta bæjarstjórnar hvers vegna á þessu stendur og hvort það standi til að bæta úr núverandi ástandi?

Að lokum vil ég hvetja bæjarbúa Hafnarfjarðar til þess að skrá sig í „Hafnarfjörður – Vinnum saman að betri bæ“ á Facebook en tilgangur þessa hóps er að ræða málefni er varða bæinn ásamt því að kynna hugmyndir sem settar eru fram á Betri Hafnarfirði síðunni.

Höfundur skrifar f.h. stjórnar Pírata í Hafnarfirði



Unnar Örn Ólafsson

SKÓDAGAR ASOLO®

Mikið úrval af skóm sem henta jafnt fyrir fjallgöngugarpa og annað útivistarfólk

VÖNDUÐ ÍTÖLSK GÆÐAVARA

Vibram® skósólar og GORE-TEX® vatnsheldni í öllum skóm. Komdu til okkar í ICEWEAR MAGASÍN á ASOLO skóðögum, Laugavegi 91, og fáðu þér vandaða skó á einstöku verði.

25% afsláttur af öllum ASOLO skóm
2.-12. mars.



Verkfræðihönnun GORE-TEX®
Eiginleikar og þægindi:

- Endingargóð vatnsheldni og öndun
- Heldur fótum þurrum og eykur þægindi
- GORE-TEX tryggt



2.-12. mars
25%
AFSLÁTTUR



Shiver GV

~~Kr. 19.990.-~~

Nú kr. 14.993.-

Til í mörgum litum



Falcon GV

~~Kr. 27.490.-~~

Nú kr. 20.618.-



TPS 520 GV

~~Kr. 39.990.-~~

Nú kr. 29.993.-



Parete Nord GV

~~Kr. 44.990.-~~

Nú kr. 33.743.-



ICEWEAR * MAGASÍN

LAUGAVEGI 91 - 2. HÆÐ - asolo.is

SMÁAUGLÝSINGAR

þjónusta

Sorptunnuprif

Við komum þrífum og sóttþreinsum tunnumar, geymsluna og rennuna. Háþrýstiprif sími 777 8656

Tölvuaðstoð og viðgerðir

Viðgerðir og kennsla í tölvunotkun. Apple* & Windows. Kem í heimahús. Sími 824 9938 - hjalp@gudnason.is

Bílaþrif. Kem og sæki. Tjörureinsun og bön vermdar bílunn. Úrvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara. Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 siggill@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.
Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

Haukar vilja að bærinn borgi nýtt íþróttahús að fullu

Vilja frekar einbeita sér að uppbyggilegu íþróttastarfi

Framkvæmdir eru hafnar við byggingu nýs kennslu- og íþróttasalar á Asvöllum, húsnæði sem upphaflega var talað um sem körfubolta. Voru þá hugmyndir uppi um að þarna yrði möguleiki á að húsið yrði þjóðar-leikvangur Íslands fyrir körfubolta.

Áætlaður kostnaður er 550 milljónir kr. og skv. gildandi samkomulagi um kostnaðarskiptingu væri hlutur

Hafnarfjarðarbæjar 495 millj. kr. en hlutur Hauka 55 milljónir kr. miðað við 90-10 skiptingu.

Hafnarfjarðarbær hefur þegar eignast allt íþróttahús Hauka að frátöldum skrifstofum og veislusal en það gerðist með samkomulagi árið 2012 þegar Hafnarfjarðarbær hljóp undir bagga með félaginu fjárhagslega.

Telur formaður félagsins í bréfi til bærarstjóra að meira skipti að geta einbeitt sér að kröftugu, uppbyggilegu, íþróttastarfi í stað lítills eignarhluta í nýjum kennslu- og íþróttasal.

Bréfið var sent í desember og hefur ekki fengið formlega afgreiðslu.

Svipmyndir úr snjónum



Ljóm.: Guðni Gíslason



Á DÖFINNI

Fjörður

Vorhátíð Fjarðar verður í dag kl. 18-23 með viðamikilli dagskrá. Sjá nánar bls. 3. Einnig verður dagskrá á laugardag.

Aðalfundur SH

Aðalfundur SH verður haldinn **fimmtudaginn 9. mars kl. 19** í félagssal SH í Ásvallalaug.

Aðalfundur St. Georgsgildisins

Aðalfundur St. Georgsgildisins í Hafnarfirði, félagi eldri skáta verður haldinn **fimmtudaginn 9. mars kl. 19.30** í Tónkvísl v/ gamla Lækjarskóla. Bergrún Íris Sævarsdóttir, rithöfundur og myndskreytir segir frá sér og starfi sínu.

Hafnarborg

Í aðalsal safnsins er sýningin Kvenhetjan með verkum Steingríms Eyfjörð opnuð og í Sverrissal er innsetning Siggú Bjargar Sigurðardóttur.

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

FJARÐAR fréttir



Smelltu á
LIKE

og skoðuðu myndir á
Facebook síðu Fjarðarfréttar

FRÉTTASKOT

Sendu fréttaskot á
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

45 ára hjólaskófla frá Hafnarfjarðarbæ bjargaði sjúkrabíl

Sjúkrabíll í útkalli fauk út af á Bláfjallaveginum sl. föstudag. Hafði rúta fokið út af veginum skammt frá og voru sjúkrabílar frá Hafnarfirði sendir á staðinn til öryggis. Hætta var á að

billinn ylti á hliðina og var brugðið á það ráð að binda bílinn við skiltastaur og í slökkvibíl sem kom á staðinn.

45 ára gömul Caterpillar hjólaskófla Hafnarfjarðarbæjar var send frá Hafnar-

firði og aðstoðaði við að ná bílnum aftur upp á veginn. Alls tók aðgerðin um fjóra klukkutíma og var á tíma ekki stætt á veginum en atvikið var við námurnar í Undirhlíðum.



Ljóm.: Guðni Gíslason

Snarbrött hlið var þar sem sjúkrabíllinn fauk út af og forðuðu sjúkraflutningamenn sér strax út úr bílnum.

Nýtt hjúkrunarheimili rís brátt

Nýtt hjúkrunarheimili við Sólvang komið á framkvæmdastig

„Eftir langan undirbúning er ánægjulegt að nú liggur fyrir að nýtt hjúkrunarheimili verður tekið í notkun við Sólvang á næsta ári,“ segir Helga Ingólfssdóttir bæjarfulltrúi og formaður verkefnastjórnar um byggingu nýs hjúkrunarheimilis að Sólvangi.

Forsagan er orðin nokkuð löng en skrifað var undir samstarfssamning við ríkið árið 2010. Fyrstu áætlanir gerðu ráð fyrir að nýtt hjúkrunarheimili myndi rísa á Kirkjuvöllum en síðan var því breytt og árið 2012 tók til starfa starfshópur um verkefnið og þá hafði ákvörðun um staðsetningu í Skarðshlíð verið tekin.

Helga segist strax hafa haft efasemdir um að þessi breyting á staðsetningu væri skynsamleg og svo fór að nýr meirihluti Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar sem tók við stjórn bæjarsins sumarið 2014 ákvað að fá óháða úttekt á kostum staðsetningar nýs hjúkrunarheimilis. Niðurstaða Capacent sem vann verkið var lögð til grundvallar endanlegri ákvörðun um val á staðsetningu að Sólvangi.



Nýbyggingin mun rísa N-V við Sólvang.

innra starfi hjúkrunarheimilisins heldur eingöngu sjá um rekstur fasteignarinnar, að sögn Helgu.

„Eflitið er til þess að við Hafnfirðingar munum ekki eiga forgang að Sólvangi í framtíðinni frekar en nú er og þess að rekstur margra hjúkrunarheimila hefur verið ákaflega íþyngjandi þá lít ég svo á að betra sé fyrir Hafnar-



Helga Ingólfssdóttir bæjarfulltrúi og formaður verkefnastjórnar um byggingu nýs hjúkrunarheimilis að Sólvangi

fjöla hjúkrunarrýmum sem veruleg þörf er fyrir“.

Segir Helga að dagdvöl verði áfram í boði á Sólvangi ásamt því að til skoðunar er að flytja þangað starfsemi sem hentar vel þeim markmiðum sem liggja fyrir um að Sólvangur verði miðstöð Öldrunarþjónustu í Hafnarfirði.



Aðkoma sjúkrabíla er sýnd á norðurhlíð.

Framkvæmd verksins er með þeim hætti að verkefnastjórn er skipuð fulltrúum allra flokka í bæjarstjórn og með henni starfa fulltrúar eldri borgara í Hafnarfirði. Yfirumsjón með verkefnum hafa sviðstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu og sviðstjóri fjölskyldusviðs. „Núna er hönnun á lokastigi og jarðvinna í fullum gangi og miðað við að henni ljúki í mars. Næsta skref er útboð á reisningu og fullnaðarfrágangi og það verður auglýst í byrjun næsta mánaðar,“ segir Helga.

Hafnarfjörður mun byggja hið nýja hjúkrunarheimili og eiga það að fullu. „Fyrir liggur að ríkið mun taka heimilið á leigu og greiða leigu samkvæmt samningi sem nefndur hefur verið „leiguleið“ en það er verkefni sem ríkið ákvað árið 2009,“ segir Helga. Tíu sveitarfélög gerðu samskonar samning við ríkið og í upphaflega samningnum var miðað við að Hafnarfjarðarbær myndi einnig sjá um rekstur hins nýja hjúkrunarheimilis.

Nú hafa samningar tekist við ríkið um að bærinn mun ekki bera ábyrgð á



Aðalinngangur hússins verður á austurhlíð, frá Sólvangsvegi.

fjörð að ríkið beri ábyrgð á rekstri hjúkrunarheimilisins og það er þá sama rekstrarform og nú er á Sólvangi en Hafnarfjarðarbær hefur aldrei séð um rekstur Sólvangs. Eftir sem áður munum við Hafnfirðingar vilja hafa margvíslega aðkomu að rekstrinum og viðræður eru í gangi við ríkið um að hluti af eldra húsi verði nýttur til að

ÍÞRÓTTIR

Handbolti:

2. mars kl. 19.30, Ásvellir
Haukar - Stjarnan, úrvalsd. karla

2. mars kl. 19.30, Valshöllin
Valur - FH, úrvalsd. karla

4. mars kl. 16, Ásvellir
Haukar - Selfoss, úrvalsd. kvenna

5. mars kl. 16, Kaplakriki
FH - Akureyri, úrvalsd. karla

6. mars kl. 19.30, Framhús
Fram - Haukar, úrvalsd. karla

1. mars kl. 20, Kaplakriki
FH - Víkingur, 1. deild kvenna

ÚRSLIT KVENNA:

FH - Víkingur: (miðvikudag)
Haukar - Fram: 21-28

ÚRSLIT KARLA:

Haukar - Afturelding: 28-29
Valur - FH: 20-19

Körfubolti:

3. mars kl. 19.15, Ásvellir
Haukar - Snæfell, úrvalsd. karla

5. mars kl. 19.15, Ásgarður
Stjarnan - Haukar, úrvalsd. karla

8. mars kl. 19.15, Ásvellir
Haukar - Snæfell, úrvalsd. kvenna

ÚRSLIT KARLA:

Keflavík - Haukar: 76-68

ÚRSLIT KVENNA:

Keflavík - Haukar: (miðvikudag)
Haukar - Valur: 62-74

Fótbolti:

4. mars kl. 13, Akraneshöllin
ÍA - Haukar, bikar karla - B deild

5. mars 15, Akraneshöllin
FH - KA, bikar karla - A deild RI

ÚRSLIT KARLA:

Víkingur R. - FH: 1-2
Keflavík - Haukar: 1-1

Nýr formaður Kkd. Hauka

Jónas Jónmundsson, byggingarfræðingur hjá ÞG verki hefur verið kosinn formaður Körfuknattleiksdeildar Hauka. Jónas hefur setið í meistaraflokksráði kvenna hjá deildinni og tekur hann við af Kjartani Frey Ásmundssyni sem verið hefur formaður deildarinnar frá október 2014.

Ný Bónusverslun á Tjarnarvöllum

Skammt er síðan Festi fékk úthlutaðri stórrí lóð á Völlum, Norðurhelli 1, en Festi rekur m.a. verslanir Krónunnar, ELKO, Intersport og Nóatún. Nú hafa Hagar sótt um og fengið úthlutaðri

lóðinni Tjarnarvelli 5 og segir í umsókn Haga að fyrirtækið hafi hug á verslunarrekstri á lóðinni, m.a. rekstri verslunar Bónus.

Auglýsingar

símar
565 3066
896 4613

gudni@
fjardarfrettir.is

**Þannig nærðu
best til
Hafnirðinga!**

Mikil sala, vantar
allar eignir á skrá,
frítt söluverðmat.

Verðmetum
samdægurs.
Sanngjörn
sölupóknun.

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

ØLSTOFA

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi
tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir
einkasamkvæmi stærri
og smærri hópa.

Happy Hour alla daga
frá kl. 16 til 19 og fleiri
flott tilboð á barnum.



ØLSTOFA

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

Endalaus snjómokstur

Íbúar hvattir til að moka ekki út á gangstéttar – frekar að moka af þeim

Starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar og verktakar hafa haft í nógu að snúast við að moka snjó af götum og gangstígum enda hefur sjaldan fallið eins mikill snjór á einu bretti í Hafnarfirði. Mokstur hefur gengið vel og segir Guðjón Steinar Sverrisson, verkstjóri hjá Hafnarfjarðarbæ að íbúar hafi sýnt mikla þolinmæði og fólk hafi þakkað fyrir moksturinn.

Viða er enn mikill snjór og ekki alls staðar hægt að moka gangstéttar. Íbúar eru hvattir til að moka ekki af bílaplönnum út á gangstéttar og moka frekar af gangstéttunum eins og margir hafa þegar gert. Lögð var áhersla á að moka stofnleiðir, bæði fyrir gangandi og akandi og hafa fjölmörg tæki verið notuð til verksins.



Ljóm: Guðni Glásson

Ingvar Reynisson og Guðjón Steinar Sverrisson verkstjóri við nýja tækið.

Hafnarfjarðarbær fékk í vikunni liðstýrða vél með snjóblásara til reynslu en slíkt tæki getur komið sér mjög vel við að ryðja af gangstéttum og stígum. Gekk vel að ryðja á þriðjudag og fjölmargir stígar í Áslandinu mokaðir.



Coca-Cola

JOHN WAYNE 200GR



Coca-Cola

FISH AND CHIPS



Coca-Cola

PÍTA MEÐ BUFFI/KJÚKLING

Burger★inn

Flatahrauni 5a Hfj. ★ Sími: 555 7030

Opíð alla daga frá kl. 11:00 til 22:00

Kíktu á matseðilinn á
www.burgerinn.is



Coca-Cola

BBQ KJÚKLINGUR Á TEINI



Coca-Cola

BURGER SALAT



Coca-Cola

NAUTA SIRLOIN 200GR